

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um kostnað vegna ráðgjafarþjónustu.

1. *Hve mikill var kostnaður ráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu frá 1. júlí 2013 til 15. mars 2014?*

Kostnaður ráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu á tímabilinu nemur 64.338.211 kr. Um er að ræða kostnað vegna sérfræðiþjónustu, svo sem lögfræðinga, viðskipta- og hagfræðinga, tryggingastærðfræðinga, þýðenda o.fl.

2. *Hve mikið hefur sérstakt ráðgjafateymi ráðherra fengið greitt á tímabilinu?*

Ráðgjafarráð um efnahagsmál og opinber fjármál hefur ekki fengið greitt fyrir störf sín.